

Fundargerð

Efni fundar: Háskólaráð fundur nr. 4 - 2026

Dagsetning: 28. apríl 2026

Staðsetning: Hvanneyri og TEAMS

Málsnúmer: MAL2024090245

Viðstödd: Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Áshildur Bragadóttir, Jóhanna Gísladóttir, Guðmundur Fertram Sigurjónsson og Þórána Jónsdóttir

Forföll: Bragi Geir Bjarnason og Birgir Þór Haraldsson

Fundur settur 13:15

1. Uppfærð skjöl í gæðakerfi (13:15-13:30 kynning, umræða, afgreiðsla)

Uppfærsla á skjölum er í samræmi við breytt skipurit. Lagt til tvær efnislegar breytingar sem bornar eru undir háskólaráð. Að gera ekki kröfu um að nemendur skili veikindavottorði þegar þeir tilkynni um veikindi í lokaprófi og að veita ekki heimild til þess að nemendur í MSc námi geti sótt um uppfærslu yfir í doktorsnám, hafi nemandinn ekki varið meistaraþrófsritgerð sína. Háskólaráð gerir ekki athugasemdir við skjölin sem lögð voru fram á fundinum.

2. Gervigreindarstefna

Umræða um miðlæga samninga um aðgang að gervigreind, notkun nemenda og þörf á nýjum áherslum í kennslu til að mæta þessari nýju tækni. Umræða um hvort taka eigi fram í stefnunni hvaða gervigreindar hugbúnað má nota, hvort koma eigi inn á takmarkanir á notkun hennar, hvar það megi og hvar ekki, hvernig vísa eigi til notkunar og þar fram eftir götunum. Rektor mun vinna stefnuna áfram m.t.t. þeirra athugasemda.

3. Hugverkastefna

Auðna tæknitorg hefur verið háskólanum innan handar við skrif stefnunnar. Breytingar hafa verið gerðar á stefnunni svo skýrt sé að Vísindaráð sé megin ákvörðunaraðili, en Auðna er háskólanum til ráðgjafar. Athugasemdir komu fram á fundinum um að enn sé óskýrt hver eigi hugverkið og hvað felist í hugtakinu veruleg notkun á bjargráðum háskólans. Þá þyrfti að taka fram hvernig taka eigi á aðstæðum þar sem hagsmunaárekstur kemur upp. Hugverk nemanda komu einnig til umræðu, sérstaklega ef um nemendaverkefni væri að

ræða sem unnin væru í samstarfi við einkafyrirtæki. Rektor vinnur stefnuna áfram m.t.t. athugasemda.

4. Matvælakjarni

Vilji er til þess að aðstaða sé við skólann til þess að fullvinna afurðir. Fundur á dagskrá með Matvæla- og næringarfræðideild HÍ á Hvanneyri 5. maí næstkomandi til að ræða frekara samstarf, en samstarf hefur einnig verið við Matís á þessu sviði. Samtök Sveitarfélaga á Vesturlandi hafa áhuga á að styðja við skólann til að koma upp aðstöðu. Háskólinn hefur fjárfest í gerjunarbúnaði og fyrsta skref í þessa átt er að bjóða styttri námskeið í gerjun í gegnum Endurmenntun. Einnig er til skoðunar að fjárfesta í frekari búnaði til þess að koma á laggirnar tilraunaeldhúsi. Samtal er í gangi við FSRE um lagfæringar á húsnæði á Hvanneyri sem nýttst gæti undir þessa starfsemi.

5. NOVA/BOVA samstarf

Í gegnum norræna NOVA netverkið er boðið upp á sameiginleg námskeið fyrir doktorsnema. BOVA, baltnesku samtökin halda upp á 30 ára afmæli í næstu viku á fundi í Eistlandi. Rektor mun mæta þar, en hún er formaður NOVA og mun leggja til breytingar á samstarfssamningi samtakanna á sameiginlegum fundi NOVA/BOVA til að efla samstarfið enn frekar. Hugmynd hefur komið upp innan NOVA um að sameina NOVA og BOVA. Umræða um samstarfsfleti við háskólanetin UNIGreen og Euroleague for Life Sciences í því samhengi.

6. Staða og framtíð LBHÍ – á dagskrá háskólafundar 20. maí

Á ársfundi verður áhersla lögð á námið, kynning Sigríðar Björnsdóttur á nýju námi í tamningum og kennsluforseti kynnir sína sýn. Formaður Bændasamtakanna mun ávarpa fundinn sem og Charlotta Oddsdóttir frá Keldum einnig sem mun kynna samstarfssamning við SGGW um nám í dýralækningum.

Háskólafundur verður haldinn í framhaldi fyrir alla starfsmenn. Þar sem við erum hálfnuð með tímabil stefnunnar verður staðan tekin á því hvar við stöndum. Gervigreindarstefna og hugverkastefna lögð fyrir fundinn. Umræða verður tekin um það hvert skólinn stefnir og hvar við viljum gera betur.

Háskólaráð ræddi um námsframboð við skólann, samfélagslegar þarfir, eftirspurn eftir samstarfi frá atvinnulífinu og framtíðarþörf m.t.t. ráðninga.

7. Háskólaráð og skipan í nefndir

Umræða um að skipunartími háskólaráðs sé að líða undir lok. Kosið verður um nýja fulltrúa frá starfsmönnum í maí svo hægt sé að tilkynna þá á háskólafundi.

Á næsta fundi þarf að skipa nýja fulltrúa í siðanefnd, öryggisnefnd og jafnréttisnefnd.

8. Mál til kynningar

- Sumardagurinn fyrsti og Skeifudagurinn tókst afskaplega vel ásamt útskrift úr Reiðmanninum. Góð mæting í opið hús í framhaldi Skeifudags.
- Samráðsfundur háskólans og ráðuneyti háskólamála á dagskrá 11. maí.
- Útboð fyrir jarðræktarmiðstöð á að fara í loftið frá FSRE í maí samkvæmt nýjustu upplýsingum.
- 11-13. maí koma aðilar frá ELMEN til að hafa eftirlit með Peatland LIFEline verkefninu fyrir hönd CINEA í Brussel.
- Bréf barst frá Samkeppniseftirlitinu. Endurmenntun þarf að standa sjálfstætt og ekki má nota opinbert fé í að niðurgreiða endurmenntun hjá háskólanum. Verklagsreglur sem skólinn styðst við til að tryggja það settar í gæðahandbók. Háskólinn mun birta ársreikninga Endurmenntunar opinberlega til að taka af allan vafa um að það sé gert.
- Byrjað er að kynna sameiginlegu námsleiðina með SGGW í dýralækningum meðal almennings.
- Mikill áhugi á starfinu meðal sendiherra á Íslandi og tíðar heimsóknir á dagskrá.
- GRÓ-LRT verður kynntur fimmtudaginn 7. maí í hádeginu. Fyrirverandi og núverandi nemendur verða með ávarp.
- Brautskráning verður 5. júní í húsnæði MB í Borgarnesi. Kaffi í boði í framhaldi á Hvanneyri.
- Mikið af framkvæmdum í gangi í húsnæði skólans á Hvanneyri.